

ÁRSSKÝRSLA 2022-2023

- fyrir aðalfund -

Reykjavík 23. febrúar 2023

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

15. aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2023

Haldinn í húsnæði Hjálpræðishersins, Suðurlandsbraut 72, Reykjavík, 23. febrúar kl. 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

- Skipun fundarstjóra, ritara, og fundarsetning
- Skýrsla stjórnar: Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður
- Reikningar samtakanna: Sigríður Örlygsdóttir, gjaldkeri
- Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalda
- Tillögur um breytingar á samþykktum
- Kosning stjórnarmanna
- Kosning varamanna
- Kosning skoðunarmanna
- Önnur mál

FRÁFARANDI STJÓRN 2022-2023

Aðalstjórn: Ásthildur Lóa Þórsdóttir (formaður), Guðmundur Ásgeirsson (varaformaður), Sigríður Örlygsdóttir (gjaldkeri), Einar Valur Ingimundarson (ritari), Hafþór Ólafsson (meðstjórnandi).

Varastjórn: Álfheiður Eymarsdóttir, Björn Kristján Arnarson, Ragnar Unnarsson, Stefán Stefánsson.

TILLAGA UM FÉLAGSGJÖLD 2023

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna leggur til að félagsgjöld 2023 verði óbreytt, 4.900 krónur.

SKÝRSLA STJÓRNAR 2023

Skýrsla stjórnar fjórtánda starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna, 24. febrúar 2022 til 23. febrúar 2023, fyrir 15. aðalfund samtakanna, 23. febrúar 2023.

Ávarp formanns

Hagsmunasamtök heimilanna hafa slitið barnsskónum. Þau eru komin á fermingaraldur, 14 ára gömul.

Þau fengu reyndar aldrei tækifæri til að njóta æskuáranna, því barátta þeirra bæði fyrir afkomu sinni og hagsmunum heimilanna hefur verið gríðarlega hörð frá fyrstu tíð.

Við sem stöndum í forgrunni baráttunnar í dag höfum getað byggt á þeim góða grunni sem lagður var af stofnendum og þeim stjórnnum sem á eftir komu, því úr honum hefur ekkert kvarnast og hann algjörlega staðist tímans tönn.

Einn helsti styrkur samtakanna er hversu málefnalega baráttu þau hafa rekið, alveg frá upphafi. Þau hafa ekkert gefið eftir í málflutningi sínum en aldrei verið með innantómar upphrópanir eða farið með fleipur.

Það er staðreynd sem vert er að halda á lofti, að aldrei hefur verið hægt að hrekja nokkuð í málflutningi samtakanna.

Það er orðspor sem við sem nú erum í forystu þeirra höfum lagt okkur fram um að varðveita framar öðru.

Það er eitt að hafa rétt fyrir sér um það sem er liðið eða að gerast á hverjum tíma, en samtökin hafa einnig reynst sannspá varðandi framtíðina.

Ekki vegna einhverra yfirnáttúrulegra hæfileika, heldur einfaldlega með því að lesa í stöðuna sem blasir við hverjum sem hana vill sjá, a.m.k. hverjum þeim sem ekki er að hygla einhverjum sérhagsmunum valdamikilla aðila.

Þetta má glöggst sjá ef málflutningur Hagsmunasamtakanna frá því að heimsfaraldur skall á er borinn saman við málflutning þeirra sem völdin hafa.

Þannig sendum við strax 11. mars 2020 áskorun til ríkisstjórnarinnar um að heimilin yrðu varin fyrir afleiðingum heimsfaraldurs. Á þeim tíma snerust áhyggjur okkar aðallega um atvinnuleysi og áhrif þess á tekjur fólks og greiðslugetu en frá þeim tíma höfum við sent frá okkur mikinn fjölda áskorana, yfirlýsinga og fréttatilkynninga um þetta ásamt því að skrifa greinar í fjölmiðla.

Svo fóru að berast fregnir af „rofnum virðisdeðjum“ út um allan heim vegna faraldursins.

Þarna fórum við að hafa áhyggjur af verðbólgunni en það var allt að því hlegið að áhyggjum okkar, því bæði fjármálaráðherra og Seðlabankastjóri fullyrtu að engar líkur væru á verðbólgu, ef þeir voru þá einhversstaðar spurðir út í það.

Til að gera langa sögu af mörgum yfirlýsingum, áskorunum og greinum, stutta, þá náði þessi barátta ákveðnu hámarki í maí 2021 þegar ég og Ragnar Þór, formaður VR, fengum fund með forsætisráðherra og fjármálaráðherra til að fara yfir málefni heimilanna og ótta okkar um afdrif þeirra.

Þar var aftur gert lítið úr ótta okkar um afdrif heimilanna og fullyrt, að engin verðbólga væri í kortunum.

Á fundinum sagði forsætisráðherra að ef til þess kæmi yrðu heimilin að sjálfsögðu varin.

Við og hún, virðumst hafa mjög ólíkar hugmyndir, bæði um hvernig verja skuli heimilin og hvenær komið sé að þeim punkti að þau þurfi umrædda vernd.

Eftir stendur, að samtök sem rekin eru af sjálfboðaliðum höfðu meira vit á því sem framundan var, en allir þeir sérfræðingar og hagfræðingar hjá fjármálaráðuneytinu, Seðlabankanum og bönkunum, sem líta alls ekki vel út þegar litið er til stöðunnar í dag.

Þannig reyndust Hagsmunasamtök heimilanna, nú sem svo oft áður hafa rétt fyrir sér.

Þetta blasir við þegar undanfari þess ástands sem við búum við núna er skoðaður. Verðbólgan geisar en það er ekki hún sem er að valda heimilum og fyrirtækjum mestum vanda. Flest heimili og fyrirtæki myndu ráða við 10% verðbólgu þó hún sé slæm.

Hafi heimilin varið 100.000 krónum á mánuði í mat, bensín og aðrar nauðsynjar veldur 10% verðbólga því að sú upphæð fer upp í 110.000 krónur. Hafi hún hins vegar varið 500.000 krónum í þessa liði, er hann núna 550.000 krónur.

Flest heimili eru sennilega einhversstaðar þarna á milli, þannig að verðbólgan hafi valdið þeim 10 – 50.000 króna kostnaðarauka á mánuði.

En þá ákvað Seðlabankinn að fara í aðgerðir til að „bjarga heimilunum“ frá þessum kostnaðarauka og hann gerir það með því að auka hann margfalt, sem er eins og að ætla að bjarga einhverjum frá drukknun með því að hella yfir hann meira vatni.

Þetta nær ekki nokkurri átt og er í raun glæpsamleg aðför gegn heimilum landsins.

Seðlabankinn hlustar ekki á nein rök og er orðið algjörlega ljóst að hann vinnur ekki fyrir heimilin heldur fjármagnið. Hann hefur miklar áhyggjur af neikvæðum raunvöxtum á fjármálamörkuðum, en engar af því að éta upp eignarhluta almennings í húsnæði sínu.

Eru það ekki líka „neikvæðir vextir“ þegar eigið fé heimila rýrnar?

Ég lýsi yfir fullkomnu vantrausti á Seðlabankann til að takast á við verðbólguna sem hefur bara vaxið síðan hann hóf aðgerðir sínar gegn henni, enda eru þær í eðli sínu verðbólguhvetjandi.

- **Í fyrsta lagi** hefur Seðlabankinn aukið kostnað fyrirtækja um 300 milljarða sem þau sækja að sjálfsögðu beint til neytenda með því að hækka vöruverð.

- **Í öðru lagi** hefur hann aukið byrðar heimilanna margfalt á við það sem verðbólgan gerir, því kostnaður heimilanna við hvert prósentustig er 33.000 á mánuði af 40 milljón króna láni, eða álíka mikið og af 10% verðbólgu. Seðlabankinn hefur nær sjöfaldað þann kostnað heimilanna, að sögn í þeim tilgangi að „sinna skyldum sínum við heimilin“ og bjarga þeim frá verðbólgunni.
- **Í þriðja lagi** er greinilegt að Seðlabankinn er EKKI að vinna fyrir fólkið í landinu. Hann er að vinna fyrir bankana og færa þeim heimilin í þúsundtali á silfurbakka. Hann skellir skollaeyrum við öllum varnaðarorðum og Seðlabankastjóri hefur látið hafa eftir sér að það verði náttúrulega ekki hægt að bjarga öllum. Hljómar kunnuglega ekki satt? En þetta snýst ekki um hvort ekki sé hægt að bjarga öllum. Seðlabankinn er hreinlega að hrinda fólki fram af bjargbrúninni. Það er frekar kaldhæðnislegt að gera það og hrista svo hausinn í uppgjöf ef björgunarsveitum tekst ekki að bjarga þeim sem var hrint. Hættu frekar bara að hrinda, því þá þarf engum að bjarga.

Aðstæður núna eru samt aðrar en í bankahruninu 2008. Bankarnir hafa lært sína lexíu og lært að kasta hulu yfir afleiðingarnar og gera það einfaldlega með því að lengja í snörunni.

Núna fara fáir í vanskil hjá bönkunum og þau mælast því minni en nokkurn tímann. Nú er fólki boðið upp á frystingar, yfirdrætti, að nýta séreignasparnaðinn sinn og að skuldbreyta yfir í verðtryggt lán.

ÞEGAR þau ráða ekki við meira, og það er „þegar“ en ekki „ef“, fyrir þúsundir fjölskyldna, verða þær en verr staddar en áður.

Yfirdrættir fullnýtir, séreignasparnaðurinn farinn, og skuldirnar enn meiri en áður.

Þau sem nú neyðast, VEGNA aðgerða Seðlabankans, til að skipta yfir í verðtryggt lán, eiga því miður eftir að súpa seyðið af því eftir u.þ.b. 6 - 10 ár.

Og ég get lofað ykkur því að þá mun ENGINN af þeim sem vandanum ollu, taka nokkra einustu ábyrgð á honum.

Hér eru nokkrar tölulegar staðreyndir um verðtryggt lán til 25 ára samkvæmt reiknivél Landsbankans.

Með 7,5% vexti er greiðslubyrði 40 milljón króna óverðtryggðs láns til 40 ára, 263.000 á mánuði

Sé fólk að skuldbreyta 40 milljón króna láni í verðtryggt lán til 25 ára, í dag, þá lítur dæmið svona út, samkvæmt reiknivél Landsbankans:

- Fyrsta greiðsla er 283.000 kr. – 80.000 kr. lægri en af óverðtryggðu.
- Það tekur einungis 3 ár og 7 mánuði fyrir „hina lágu“ greiðslubyrði verðtryggðs láns að ná afborgun óverðtryggðs láns.
- Þá, á tæpum 4 árum, er höfuðstóll lánsins kominn upp í 50,1 milljón.
- Eftir 10 ár er höfuðstóllinn 68 milljónir og mánaðarleg greiðsla 470.000 kr.
- Eftir 15 ár verður lánið komið upp í 77 milljónir og greiðslubyrðin 743.000 kr.
- Afborganir hækka svo áfram þegar höfuðstóllinn tekur loksins að lækka.
- Höfuðstóllinn verður loksins aftur 40 milljónir eftir tæp 23 ár og þá verður mánaðarleg afborgun 1,5 milljónir kr.
- Lokagreiðsla lánsins verður 1.853.000 kr.

- Á sama tíma verður afborgun óverðtryggðs láns með 7,5% vexti, enn þá sú sama og í upphafi, eða 263.000 kr.
- Heildargreiðsla verðtryggða lánsins er 211 milljónir á 25 árum.
 - Heildargreiðsla óverðtryggða lánsins er 126 milljónir á 40 árum.
- Meðalgreiðsla á ári af verðtryggða láninu eru 8,4 milljónir.
 - Meðalgreiðsla óverðtryggða lánsins á ári er 3,2 milljónir.
- Meðalgreiðsla á mánuði af verðtryggða láninu er 703.000 kr. á mánuði.
 - Meðalgreiðsla óverðtryggða lánsins á mánuði er 262.000 kr.

Þetta er glæpur gegn þjóðinni og ég vil ganga svo langt að kalla þetta landráð.

Ég geri mér grein fyrir að lögfræðilega á hugtakið landráð ekki við í þessu tilfelli þar sem það snýst meðal annars um að afhenda erlendu ríki yfirráð yfir íslenska ríkinu eða hluta þess. Landráð eru svik við þjóðina og litin gríðarlega alvarlegum augum.

En hvað eigum við að kalla það að afhenda nokkrum fyrirtækjum, útvöldum hópi fjárfesta, heimili landsins í þúsundatali og dæma tugþúsundir einstaklinga til að þræla í þeirra þágu í áratugi, jafnvel lífið á enda, á meðan þeir lifa í vellystingum praktuglega.

Heimilin eru grundvöllur ríkisins. Án þeirra, án fólksins í landinu, sem nú er verið að dæma í fjárhagslega ánauð bankanna fyrir engar sakir, væri ekkert ríki til. Ekkert til að svíkja.

Það að fara með þessum glæpsamlega hætti gegn heimilum landsins eru landráð af verstu sort.

Ef til er betra hugtak yfir það sem verið er að gera, þætti mér gaman að heyra það, en þangað til mun ég kalla þetta landráð.

Allt þetta vekur upp slæmar minningar frá eftirmálum hrunsins.

Þar var það í raun ekki hrunið sjálft sem olli því að lágmark 15.000 fjölskyldur misstu heimili sín, heldur það hvernig ríkisstjórnir eftirhrunsáranna ásamt Seðlabankanum, tóku meðvitaða afstöðu með fjármálafyrirtækjunum og ákváðu að fórna heimilum landsins fyrir þau.

Sú saga er að endurtaka sig, þau með örlítið öðrum hætti sé.

Ráðamenn þjóðarinnar hafa ekkert lært, eða, sem er enn verra, þau hafa lært að þau komast upp með hvað sem er, því enginn hefur nokkurn tímann þurft að taka ábyrgð á því sem gerðist eftir hrun, og nú á að endurtaka leikinn.

Bankarnir vilja meira og þeir fá allt sem þeir vilja.

Þannig er er staðan á þessu fermingarári Hagsmunasamtakanna og það er þyngra en tárur taki.

Núna er staðan víða slæm og gríðarleg óvissa framundan á mörgum heimilum og svo komið að þriðjungur þeirra nær ekki endum saman. Meira en 80% nýrra lána heimilanna eru verðtryggð lán. Í hárrí verðbólgu og í krepputíð verða lág- og millitekjuhópar ávallt verst úti og eins og áður hefur verið rakið er augljóst að verðtryggð lán eru skelfileg fátækragildra og beinlínis illa gert að beina þeim sem höllum fæti standa í verstu lán á byggðu bóli.

Afnám verðtryggingar lána til neytenda hefur verið eitt helsta baráttumál Hagsmunasamtaka heimilanna frá upphafi. Fáir hafa tekið undir þann málstað, en þar má þó nefna menn eins og Vilhjálm Birgisson formann Starfsgreinasambandsins og Ragnar Þór Ingólfsson, formann VR. Núna eru augu margra sem betur fer að opnast og til marks um það má nefna umfjöllun Stundarinnar um verðbólgu og vaxtahækkunar síðastliðins árs í 11. tölublaði Stundarinnar.

Í þeirri umfjöllun var leitað til Hagsmunasamtaka heimilanna og þar kom nýr starfsmaður samtakanna Kristin Eir Helgadóttir sterk inn. Hún var í góðu sambandi við blaðamanninn meðan á vinnslu greinarinnar stóð og var svo á forsíðu blaðsins undir fyrirsögninni „Verðtryggð lán fátækragildra“ sem vakti töluverða athygli.

Að sjálfsögðu styrkir verðtryggingin sig í sessi við þessar efnahagsaðstæður. Það er ekki hægt að álasa fólki fyrir að reyna allt sem hægt er til að bjarga sér þega þegar greiðslubyrði lána með breytilegum vöxtum hækkar langt umfram það sem fólki var talið trú um og það ræður ekki lengur við hana.

Á þessum tímum hafa þeir sem festu vexti sína tímanlega þruga sig sæla, enda hafa þeir sparað sér gríðarlega kostnað í því ástandi sem nú er.

En þeir eru samt langt frá því að vera öruggir. Fastir vextir eru nú ekki fastari en svo að þeir eru endurskoðaðir á 3-5 ára fresti. Á næstu 6-18 mánuðum munu fjölmörg heimili detta inn í þessa endurskoðun, en samanlagt upphæð þeirra lána er um 600 milljarðar.

Þetta er snjóhengja þar sem fjölmörg heimili munu fá stökkbreytta hækkun á afborgunum lána. Til að taka dæmi munu vaxtaafborganir 40 milljón króna láns sem var upphaflega á 2% vöxtum hækka úr 67.000 krónum í 267.000 krónur á einu bretti.

Þessar hækkunar á lánnum heimilanna eiga sér stað á meðan bankarnir skila miklum hagnaði og tekjur af vaxtamun eru að aukast.

Það sem er verst við skelfilega stöðu heimilanna í dag, er að hún þarf ekki að vera svona. Flest heimili gætu algjörlega siglt í gegnum 10% verðbólgu ef ekki kæmi margfaldur húsnæðiskostnaður ofan á hana. Það ætti enginn að vera í þeirri stöðu að þurfa frystingar, skuldbreytingar, yfirdrætti eða að henda séreignasparnaðinum sínum í þessa botnlausu hit sem gráðug gin bankana eru.

Staða heimilanna er ekki slæm VEGNA verðbólgunnar, heldur VEGNA þess að tekin hefur verið meðvituð ákvörðun um það að koma heimilum landsins á vonarvöl og færa bönkunum þau á silfurfati.

Þið spyrjið kannski „Af hverju er það gert og hver tók þá ákvörðun?“

Einfalda svarið við því er enski frasinn „Follow the money“.

Hvert fara allir þessir peningar annað en beint í yfirfullar fjárhirslur bankanna engum til gagns?

Bankarnir græða þegar heimilin blæða og við sjáum nákvæmlega það gerast núna.

Húsnæðis kaup á Íslandi eru eins og áhættufjárfesting en þegar á reynir, eru raunverulegir áhættufjárfestar varðir með öllum ráðum og heimilunum hent fyrir úlfana að gæða sér á.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem það hefur verið gert og það mun því miður verða gert aftur, verði ekki einhver stórkostleg breyting á yfirstjórn landsins.

Í raun sýnir þessi staða fram á að það eru ekki til góð húsnæðislán á Íslandi. Forsendur breytast í sífellu og engin leið fyrir venjulegt fólk að taka skynsamlegar ákvarðanir, því í þessu umhverfi er algjörlega afstætt og háð duttlungum lélegrar efnahagsstjórnunar og, eins og núna, Seðlabankans, hvernig þér og þínum muni farnast í þessum málum. Fyrirsjáanleiki er enginn!

Þá má minna á áskoranir frá samtökunum fyrir þremur árum síðan, í upphafi heimsfaraldurs og síðan aftur síðar, þar sem þau vöruðu við aukinni verðbólgu, en þar sagði meðal annars:

“...Fari verðbólgan af stað hefur enginn stjórn á því sem gerist. Það er því nauðsynlegt að grípa strax til varúðarráðstafana áður en það gerist og slá þannig á óvissuna sem heimilin standa frammi fyrir vegna verðtryggðra lána...”

Skemmst er frá því að segja að á þessum tíma gerðu bæði fjármálaráðherra og Seðlabankastjóri lítið úr áhyggjum af verðbólgu, því Seðlabankinn hefði sett sér verðbólgu markmið og myndi standa vörð um það. Áður höfðu ráðamenn talað fyrir **lágvaxtaumhverfi á Íslandi** og höfðu með því áhrif á uppgang lána með skilmálum um breytilega vexti. Enn og aftur eru það heimilin sem borga fyrir sveiflur hagkerfisins og fjármálamarkaðurinn er stikkfrí. Hagsmunagæsla og umræða um hagsmuni heimilanna á fjármálamarkaði er því brýn og ekki síður óháð ráðgjafarþjónusta.

Nú áttunda febrúar síðastliðinn tilkynnti Seðlabankinn um elleftu hækkunin stýrivaxta í röð og stjórn samtakanna sendi frá sér harðorða gagnrýni undir yfirskriftinni “Glæpsamlegt áhlaup á varnarlaus heimili”.

Viðbrögð við þessari gagnrýni okkar voru meiri en við höfum séð í langan tíma. Heimilin eru mörg komin að þolmörkum og fólk farið að ofbjóða. En ef eitthvað á að breytast þurfa mótmæli og samstaða í þjóðfélaginu gagnvart verðtryggingunni að vera mikið meiri og breiðari, því ekkert hefur í raun breyst í þessum mikilvæga hagsmunamáli allra heimila.

Verðtryggingin er föst á fasteignalánnum og húsaleigusamningum og í hárrí verðbólgu fást engar aðgerðir í gegn til að verja heimilin gegn hækkunum. Ráðamenn halda á lofti orðræðu um hagkerfið og ræða um heimilin sem óræða stærð og eingöngu út frá meðaltölum, sem gefa vægast sagt villandi upplýsingar. Þeir segja fátt ef nokkuð gagnlegt með tilliti til lífskilyrða meðal- og lágtekjuhópa í húsnæðismálum, hvað varðar húsnæðislán og leigu. Einu aðgerðirnar sem ríkisstjórnin hefur kynnt eru ósjálfbær úrræði eins og bætur í gegnum tilfærslukerfin, á meðan þau hunsa algerlega raunverulegar og verndandi aðgerðir á húsnæðismarkaði.

Ég óttast það sem framundan er. Fólk í nauðvörn á enga raunverulega kosti, það þarf að grípa það sem býðst, og í dag er það verðtryggð lán. Ég óttast það sem gerist eftir t.d. 6 ár, þegar greiðslubyrði 40 milljóna láns er komin upp í 324.000 og höfuðstóllinn hefur hækkað um 17 milljónir og orðin 57 milljónir. Eða eftir 10 ár þegar greiðslubyrðin verður 457.000 kr. Og höfuðstóllinn 67,4 milljónir.

Hversu margir þeirra sem “bjarga sér fyrir horn” núna, munu standast það.

Ef fólk heldur að laun muni hafa hækkað í jöfnu hlutfalli þegar þar að kemur, þá er það einfaldlega ekki rétt, því þá hefði verðbólgan verið gríðarleg á þessum tíma sem þýðir að þessar tölur væru enn

hærrí, auk þess sem höfuðstóll 40 milljóna óverðtryggðs láns á 7,5% vöxtum stæði í 37,5 milljónum eftir 10 ár og afborgun þess væru 263.000 kr.

Þarna munar 30 milljónum á höfuðstól og 194.000 á afborgunum. Eftir 25 ár mun muna 1,5 milljónum á afborgunum þessara lána.

Það versta er að það er hægt að koma í veg fyrir þetta. Mig langar því að enda þennan hluta ræðu minnar á orðum Obama Bandaríkjaforseta árið 2009.

„Spurningin er hvað við gerum núna. Við höfðum ekki val um hvernig þessi krísa hófst, en við höfum val um hverjar afleiðingar hennar verða.”

(The question is what do we do now. We did not choose how this crisis began, but we do have a choice in the legacy this crisis leave behind.)

Þetta eru orð sem bæði Seðlabankinn og ríkisstjórn Íslands mættu taka til sín og hugleiða.

Andvara- og aðgerðarleysi núna, mun hafa gríðarlega slæmar afleiðingar til langrar framtíðar.

Seðlabankinn er að valda heimilum landsins ómældum skaða með aðgerðum sínum á meðan ríkisstjórn Íslands, sem ber skylda til að verja heimilin, stendur aðgerðarlaus á hliðarlínunni og leyfir þessu að gerast.

Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þeirra á afdrifum heimilanna bæði núna og þegar afleiðingar þessara aðgerða og aðgerðaleysis koma að fullu fram.

Starfsárið í meginráttum

Á liðnu ári urðu Hagsmunasamtök heimilanna **almannaheillafélag** og hafa því fengið opinbera skráningu sem óhagnaðarfríð félag með starfsemi í almannaþágu. Í júní 2022 urðu önnur tímamót í starfi samtakanna, þegar þau gerðu **samstarfssamning við Menningar- og viðskiptaráðuneytið** um hagsmunagæslu, neytendavernd og upplýsingagjöf til almennings. Fundir á árinu voru fjölmargir og eru þeir teknir saman hér á eftir. Einn þeirra var fundur um mannréttindi og húsnæðismál með ÖBÍ (Öryrkjabandalagið) sem leiddi meðal annars til þess að **skrifstofa Hagsmunasamtaka heimilanna flytur nú í húsnæði ÖBÍ við Sigtún** í lok febrúarmánaðar.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið fer núna með málefni neytendarverndar og starfsemi Hagsmunasamtaka heimilanna heyrir þar undir neytendarvernd á fjármálamarkaði. Í kjölfar þess að samningur við ráðuneytið var undirritaður réðu samtökin til sín ráðgjafa í fullt starf við réttindagæslu og greiðsluferfiðleikþjónustu og binda nú vonir við traust og áframhaldandi opinbert samstarf um hagsmunagæslu heimila. Nýráðinn starfsmaður var í framhaldi tilnefndur í vinnuhóp ráðuneytisins um gjaldtöku bankanna, en sá vinnuhópur er enn að störfum. **Fyrirspurnir og aðstoð við félagsmenn voru vel á þriðja hundrað talsins á árinu 2022.**

Það er mikilvægt að þessi samningur við ráðuneytið náði fram að ganga og verði framlengdur, því nú er tími ár hárrar verðbólgu og síendurtekinna vaxtahækkana. Snemma á liðnu ári sendu samtökin því frá sér áskorun um að enginn missi heimili sitt vegna verðbólgu og vaxtahækkana og síðar

yfirlýsingu um afstöðu sína gagnvart hækkunum meginvaxta seðlabankans - Aðgerðir gegn verðbólgu verri en verðbólgan sjálf. Seinni tilkynningin vakti mikla athygli og hafði því gagnleg áhrif á umræðuna um hækkanir stýrivaxta. Ákall um vernd gegn heimilismissi virðist langsóttari, því á hana er ekki hlustað. Krafan er þó sannarlega réttmæt, því húsnæðismál Íslendinga hafa lengi haft sérstöðu í samanburði við norrænar og evrópskar þjóðir með þeim hætti, að fasteignalán (og leiga) heimilanna eru **tengd verðbólgunni með verðtryggingu**. Þó verðbólga sé nú víða há í Evrópu er staða íslenskra heimila einstök í þessu tilliti og viðkvæmari gagnvart verðbólgunni. Rétturinn til sanngjarnra viðskipta, við það einfaldlega að eignast heimili, stendur höllum fæti hér á landi.

Óvissa er framundan í fjárhag margra heimila enda er svo komið að þriðjungur þeirra nær ekki endum saman og meira en 80% nýrra lána heimilanna eru nú verðtryggð lán. Í hárrí verðbólgu og krepputíð verða lág- og millitekjuhópar ávallt verst úti og þá má hæglega færa rök fyrir því að verðtryggð lán séu fátækragildra (Sjá: Fátækragildra verðtryggra lána). Því þessir tekjuhópar eignast síður og hægjar sitt eigið húsnæði, og/eða einfaldlega missa heimili sitt frekar í krepputíð.

Húsnæðis kaup á Íslandi eru því miður fátt annað en áhættufjárfesting. Skilmálar um verðtryggingu og breytilega vexti eru síður en svo nýtilkomin áhyggjuefni og Hagsmunasamtök heimilanna sendu frá sér aðvörun til lántakenda 15. janúar 2020. Fjallað var um verðbólgu og vaxtahækkanir síðastliðins árs í 11. tölublaði Stundarinnar og meðal annars var tekið viðtal við ráðgjafa samtakanna. Að sjálfsögðu styrkir verðtryggingin sig í sessi við þessar efnahagsaðstæður, þegar greiðslubyrði lána með skilmála um breytilega vexti hækkar langt umfram það sem fólki var talið trú um. Þessar hækkanir á lánum heimilanna eiga sér stað á meðan bankarnir skila miklum hagnaði og tekjur af vaxtamuni eru að aukast. Þá má minna á áskoranir frá samtökunum fyrir um þremur árum síðan, í upphafi heimsfaraldurs og svo ítrekað síðan þá, þar sem þau vöruðu við aukinni verðbólgu og áhrifum hennar á húsnæðislán. Skemmst er frá því að segja að á þessum tíma gerðu bæði fjármálaráðherra og Seðlabankastjóri lítið úr áhyggjum af verðbólgu, því Seðlabankinn hefði sett sér verðbólgu markmið og myndi standa vörð um það. Engu að síður höfðu ráðamenn áður talað fyrir **lágvaxtaumhverfi á Íslandi** og höfðu með því áhrif á uppgang lána með skilmálum um breytilega vexti. Enn og aftur eru það heimilin sem borga fyrir sveiflur hagkerfisins og fjármálamarkaðurinn er stikkfrí. Það er ekkert nýtt. Hagsmunagæsla og umræða um hagsmuni heimilanna á fjármálamarkaði er því brýn og ekki síður óháð ráðgjafarþjónusta. Áttunda febrúar síðastliðinn tilkynnti Seðlabankinn um elleftu hækkunina á stýrivöxtum og stjórn samtakanna sendi frá sér harðorða gagnrýni: Glæpsamlegt áhlaup á varnarlaus heimili.

Mótmæli og samstaða í þjóðfélaginu gagnvart verðtryggingunni þarf að vera mikið meiri og breiðari, því ekkert breytist í þessum mikilvæga málaflokki. Verðtryggingin er föst á fasteignalánum og húsaleigusamningum og í hárrí verðbólgu fást engar aðgerðir í gegn til að verja heimilin gegn þessum hækkunum. Ráðamenn halda á lofti orðræðu um hagkerfið, um heimilin sem óræða stærð og með tilliti til meðaltala. Þeir segja fátt ef nokkuð gagnlegt með tilliti til lífsskilyrða meðal- og lágtekjuhópa í húsnæðismálum, hvað varðar húsnæðislán og leigu. Einu aðgerðirnar sem ríkisstjórnin hefur kynnt eru ósjálfbær úrræði eins og bætur í gegnum tilfærslukerfin, en þau hunsu algerlega raunverulega aðgerðir eða verndandi aðgerðir á húsnæðismarkaði.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, var formaður stjórnar á síðastliðnu ári og hefur verið formaður frá því árið 2017. Hún er þar að auki Alþingismaður. Á liðnu ári var hún því fulltrúi samtakanna á opinberum vettvangi eins og fyrri ár. Með Ásthildi í fararbroddi sendu samtökin frá sér fjölmargar tilkynningar og gagnrýni á síendurteknar stýrivaxtahækkanir og aðgerðarleysi stjórnvalda. Það er ljóst að

fjármálakerfið í landinu ver verðtrygginguna með kjafti og klóm og nýtur stuðnings Alþingis við það, enda hafa tillögur þingmannsins um **þak á verðtryggð lán og leigu** ekki náð fram að ganga, né ákall þingmannsins um **neyðarlög á leigumarkað**, (*Heimildin: En öllu er á rönguna snúið*). Hvað þá að frumvarp um afnám verðtryggingar sé tekið alvarlega. Með kraftmikilli framgöngu sem fulltrúi Hagsmunasamtaka heimilanna hefur hún uppskorið brautargengi á opinberum vettvangi og situr nú sinn annan vetur á Alþingi, fyrir Flokk fólksins. Baráttumál Ásthildar á þingi eru að stærstum hluta baráttumál Hagsmunasamtaka heimilanna og hefur starf hennar á þingi því verið mikilvægt fyrir málstað samtakanna og formaðurinn hefur haft dyggan stuðning stjórnar samtakanna.

Ásthildur Lóa var einna fremst í flokki á þinginu í háværrí gagnrýni stjórnarandstöðunnar á sölufarli Íslandsbanka, á síðasta ári. Óneitanlega gagnrýnin stjórn málaumræða sem er nátengd umræðunni um spillingu á Íslandi og neikvæðar afleiðingar fyrri einkavæðinga bankanna. Samtökin voru stofnuð þegar bankarnir urðu allir gjaldþrota - til að standa vörð um hagsmuni lántakenda. Í aprílmánuði 2022 hélt Ásthildur ræðu á mót mælum á Austurvelli. Hagsmunasamtök heimilanna birtu ræðuna á vefsíðu sinni og félagsmenn geta lesið hana hér: [Spillingin opinberar sig](#). Ásthildur Lóa hefur átt gott samstarf við einn helsta forystumann verkalýðshreyfingarinnar og fyrrverandi stjórnarmann hjá Hagsmunasamtökum heimilanna Ragnar Þór Ingólfsson. Á liðnu ári tóku þau sig saman þegar gagnrýnin stóð sem hæst og skrifuðu grein sem birtist í Kjarnanum um sölufarli Íslandsbanka undir yfirskriftinni: [Sömu vikingarnir, sama spillingin](#). Í janúar á þessu ári birti Heimildin (áður Stundin og Kjarninn) aðsenda grein Ásthildar um sölufarlið og fjármálaeftirlit á Íslandi. Sú grein Ásthildar Lóu var kynnt á vefsíðu samtakanna: [Að brjóta lög í sátt við yfirvöld](#).

Tilkynningar og yfirlýsingar

Stjórn samtakanna sendi frá sér fjölmargar áskoranir og tilkynningar á síðasta starfsári eins og þau gera jafnan ár hvert. Nokkuð ítarlega samantekt um verkefni samtakanna á árinu má finna í **annál samtakanna** sem gefin er út í ársskýrslunni ár hvert. Hér eru nokkrar athyglisverðar tilkynningar umfram þær sem nú þegar hafa verið nefndar til sögunnar:

2. maí 2022: [Áskorun til peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands frá HH, VR og VLFA](#)

5. maí 2022: [Bankarnir skulda neytendum vaxtalækkunar!](#)

25. ágúst 2022: [Að verja heimilin með því að merja þau](#)

5. september 2022: [Vaxtahækkunar og skyldur lánveitenda](#)

22. nóvember 2022: [Svört skýrsla um áhrif verðtryggingar fæst ekki birt](#)

30. nóvember 2022: [Hagsmunasamtök heimilanna gefa út greinargerð um lánshæfismat Creditinfo](#)

Fundir

Hagsmunasamtök heimilanna funduðu með **formanni Samtaka leigjenda á Íslandi** á árinu um stöðuna á leigumarkaði og **Öryrkjabandalaginu** um mannréttindi og húsnæðismál.

Formaður samtakanna var frummælandi á mótmælum vegna Íslandsbankasögunnar á Austurvelli, í aprílmánuði 2022. Fulltrúar samtakanna sóttu **viðskipta- og menningarráðherra heim til undirritunar samstarfssamnings** við samtökin um neytendavernd á fjármálamarkaði og upplýsingagjöf til almennings. Formaður og meðstjórnendur tóku þátt í kröfugöngu verkalýðsins með kröfuspjald: *Réttlæti fyrir 15.000 þúsund heimili*.

Fulltrúar samtakanna funduðu fjórum sinnum með **efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**. Fyrst í apríl um frumvarp um innstæðutryggingar og svo í maí um mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu. Í júní voru samtökin kölluð á ný fyrir nefndina vegna umfjöllunar um frumvarp um lífeyrismál og húsnæðisstuðning og einnig um tímabundna frystingu verðtryggingar. Þau voru jafnframt kölluð tvisvar fyrir **velferðarnefnd Alþingis** í nóvember, fyrst vegna umfjöllunar um breytingar á húsaleigulögum og svo í tengslum við þingsályktunartillögu um skattleysismörk og lágmarksframfærslu.

Fulltrúi samtakanna var tilnefndur í vinnuhóp menningar- og viðskiptaráðuneytisins um gjaldtöku bankanna og hefur sótt níu fundi og sinnt verkefnum hópsins. Fulltrúar samtakanna áttu fund með Creditinfo um lánshæfismat fyrirtækisins og stjórnarmaður tók þátt í fundum hjá EAPN á Íslandi á liðnu ári.

Fulltrúar samtakanna, bæði stjórnarmenn og starfsmenn sóttu fjölda opinna funda á árinu, eins og fund ÖBÍ - *Öryggi eða afkomuótti* (kynning á könnun á húsnæðismálum fatlaðra), fyrirlestur Almannaheilla um félög til almannaheilla, opinn fund Húsnæðis- og mannvirkjunarstofnunnar (HMS) og Samtaka iðnaðarins (SI) um stöðuna á íbúðamarkaði og kynningarfund félags- og vinnumarkaðsráðherra um úthlutanir styrkja.

Þá hefur stjórn samtakanna haldið **11 stjórnarfundum** frá síðasta aðalfundi.

Umsagnir og erindi

Á starfsárinu sendu samtökin frá sér **45 umsagnir** til Alþingis og stjórnvalda um hin ýmsu málefni. Þau sendu félagsmálaráðuneytinu erindi og greinargerð vegna styrks ráðuneytisins við starfsemi samtakanna og menningar- viðskiptaráðuneytinu umsókn um áframhaldandi samvinnu, ásamt greinargerð um markmið og starfsemi ráðgjafarþjónustu samtakanna. Jafnframt sendu samtökin verkalýðshreyfingunni erindi um samstarf um óháða ráðgjafarþjónustu heimilanna.

Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar

Samtökin sendu frá sér **19 tilkynningar eða áskoranir** á liðnu ári. Viðtöl við fulltrúa HH og fréttir af samtökunum voru fjölmörg en fulltrúar samtakanna, umsagnir eða samtökin sjálf hafa komu við sögu með einum og öðrum hætti í fjölmiðlum a.m.k. **89 sinnum**. Samtökin halda úti síðu á Facebook undir nafni samtakanna með meira en 10.000 meðlimum og miðla þar efni til félagsmanna og annarra í þeim hópi.

Samstarf

Hagsmunasamtök heimilanna eru aðilar að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans. Auk þess hafa samtökin haldið áfram þátttöku í starfi EAPN á Íslandi, en það er Íslandsdeild evrópskra heildarsamtaka gegn fátækt.

ANNÁLL STJÓRNAR 2022-2023

23.02.2022 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2022

03.03.2022 Samþykktir samtakanna tóku breytingum á aðalfundi - uppfærðar samþykktir birtar á vef HH

03.03.2022 Fulltrúi HH sækir fyrirlestur á vegum Vaxandi og Almannaheilla um félög til almannaheilla

06.03.2022 Morgunútlit RÚV fjallar um Ásthildi Lóu Þórsdóttu og Flokk fólksins í þingfréttum

08.03.2022 Mbl.is fjallar um ræðu Ásthildar Lóu Þórsdóttur á Alþingi - *Við verðum að byggja nýtt Breiðholt*

12.03.2022 Stjórnarfundur HH nr. 3/2022 - Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

13.03.2022 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um fjármögnun skilaskjóðs, iðgjöld og fyrirkomulag TIF

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um eignarrétt og erfð lífeyris

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um meðferð fjárhagsupplýsinga um einstaklinga

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um svokallað lykilafrumvarp (nauðungarsala og eftirstöðvar)

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda)

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um réttarúrræði neytendaverndarsamtaka

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um stimpilgjald (lækkun gjalds, brottfall laga)

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um stimpilgjald (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði)

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um gjaldfrjálsa rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs

14.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um valfrjálsa bókun við alþjóðamannréttindasamning

21.03.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir í viðtali hjá RÚV um laun forstjóra - *Venjulegu fólki algerlega nóg boðið*

28.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um uppbyggingu félagslegs húsnæðis

28.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um skattleysi launatekna undir 350.000 kr

28.03.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna

28.03.2022 Morgunblaðið birtir grein eftir Ásthildi Lóu Þórsdóttur - *Partið í landi tækifæranna*

28.03.2022 Ritstjórn Miðjunnar birtir grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur úr Morgunblaðinu - *Partið í landi tækifæranna*

29.03.2022 Ásthildur Lóa í viðtali í Speglinum sem fulltrúi stjórnarandstöðu um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

29.03.2022 Ásthildur Lóa í viðtali í Kastjóni sem fulltrúi stjórnarandstöðu um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

04.04.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um stuðning til öflunar íbúðarhúsnæðis (nýting séreignarsparnaðar)

04.04.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um ógilda skilmála í neytendasamningum og bótaskyldu

04.04.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldstofn fasteignaskatts)

04.04.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um vísitölu neysluverðs (vísitala neysluverðs án húsnæðis)

04.04.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna verðbólgu og húsnæðishækkana

05.04.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir í viðtali í Bítinu á Bylgjunn um stöðu lántakenda á Íslandi

07.04.2022 Formaður HH tekur þátt í umræðum í þættinum Rauða borðinu á Samstöðinni um sölu Íslandsbanka

07.04.2022 Stjórnarfundur HH nr. 4/2022

08.04.2022 Fulltrúar HH sækja móttöku Félagsmálaráðuneytisins fyrir styrkþega af safnliðum fjárlaga 2022

09.04.2022 Formaður HH flytur ræðu um sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka á mótmælum við Austurvöll

09.04.2022 RÚV fjallar um sölu á Íslandsbanka og mótmælin á Austurvelli þar sem formaður HH hélt ræðu

12.04.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir í viðtali í hádegisfréttum Bylgjunnar vegna sölu á eignarhlut í Íslandsbanka

16.04.2022 Kjarninn birtir aðsenda grein Ásthildar Lóu og Ragnars Þórs - *Sömu víkingarnir og sama spillingin*

20.04.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um skilameðferð lánastofna og verðbréfafyrirtækja o.fl.

28.04.2022 Hagmunasamtök heimilanna funda um húsnæðismál og mannréttindi með Öryrkjabandalagi Íslands

28.04.2022 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp um innstæðutryggingar o.fl.

30.04.2022 Samtökin senda félagsmönnum fréttabréf - *Stuðningur þinn skiptir máli!*

01.05.2022 Formaður og meðstjórnendur taka þátt í kröfugöngu verkalýðsins - *réttlæti fyrir 15.000 þúsund heimili*

02.05.2022 Formenn HH, VR og VLFA beina áskorun til peningastefnufndar seðlabankans vegna vaxtaákvörðunar

02.05.2022 Fréttatíminn birtir áskorun formanna HH, VR og VLFA til peningastefnufndar seðlabankans

02.05.2022 Formaður HH í Reykjavík síðdegis - *Heimilin finna mest fyrir vaxtahækkunum og verðlagshækkunum*

02.05.2022 Rætt við formann VR í fréttum Stöðvar 2 um áskorun VR, HH og VLFA til peningastefnufndar

03.05.2022 Áskorun HH, VR og VLFA send Alþingismönnum - *Ekki auka álögur á heimilin í vaxandi verðbólgu*

04.05.2022 Formaður HH í viðtali á Útvarpi Sögu um stýrivaxtahækkun Seðlabankans og áskorun samtakanna

04.05.2022 **Stjórnarfundur HH nr. 5/2022**

05.05.2022 HH senda frá sér yfirlýsingu - *Bankarnir skulda neytendum vaxtalækkanir!*

05.05.2022 Fréttatíminn birtir yfirlýsingu HH um að bankarnir skuldi neytendum vaxtalækkanir

05.05.2022 Fréttablaðið fjallar á vef sínum um yfirlýsingu HH um að bankarnir skuldi neytendum vaxtalækkanir

05.05.2022 Miðjan birtir yfirlýsingu HH um að bankarnir skuldi neytendum vaxtalækkanir

05.05.2022 Útvarp Saga birtir á vef sínum yfirlýsingu HH um að bankarnir skuldi neytendum vaxtalækkanir

09.05.2022 HH skora á ríkisstjórnina - *Tryggjum að enginn missi heimili sitt vegna verðbólgu og vaxtahækkana!*

09.05.2022 Fréttablaðið fjallar á vef sínum um áskorun HH til ríkisstjórnar um að enginn skuli missa heimili sitt

09.05.2022 Útvarp Saga fjallar á vef sínum um áskorun HH til ríkisstjórnar um að enginn skuli missa heimili sitt

16.05.2022 Morgunblaðið birtir grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur um málefni heimilanna - *Að spila Matador með heimilin*

17.05.2022 HH senda menningar- og viðskiptaráðherra formlegt bréf vegna fyrirhugaðs þjónustusamnings við samtökin

19.05.2022 Kjarninn fjallar um fyrirspurn Ásthildar Lóu til fjármálaráðherra um heimilin og hækkandi greiðslubyrði lána

20.05.2022 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu

23.05.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bregðast við verðbólgu

25.05.2022 HH birta frétt um umsögn samtakanna og samráð við Alþingi um mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu

25.05.2022 Fulltrúi HH tekur þátt í aðalfundi EAPN á Íslandi (Íslandsdeild evrópskra samtaka gegn fátækt)

01.06.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingar á húsaleigulögum (skráningarskylda o.fl.)

01.06.2022 Þjónustusamningur við HH undirritaður á skrifstofu menningar- og viðskiptaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur

02.06.2022 **Stjórnarfundur HH nr. 6/2022**

06.06.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um hækkun lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og húsnæðisstuðning

07.06.2022 HH senda frá sér áskorun til stjórnvalda - *Íþyngjandi skattar eiga aldrei að hækka sjálfkrafa!*

07.06.2022 Útvarp Saga fjallar um áskorun HH til stjórnvalda vegna hækkunar fasteignamats

08.06.2022 Mbl.is fjallar um áskorun HH til stjórnvalda vegna hækkunar fasteignamats

08.06.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir fjallar um málefni heimilanna í eldhúsdagsumræðum á Alþingi

08.06.2022 Vísir fjallar um ræðu Ásthildar Lóu um verðtryggingu í stigvaxandi verðbólgu og húsnæðismarkaðinn

08.06.2022 Menningar- og viðskiptaráðuneytið tilkynnir á vef sínum þjónustusamning við Hagmunasamtök heimilanna

09.06.2022 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um lífeyrismál og húsnæðisstuðning

10.06.2022 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tímabundna frýstingu verðtryggingar

10.06.2022 Útvarp Saga fjallar um þjónustusamning Hagsmunasamtaka heimilanna við ráðherra neytendamála

15.06.2022 Ásthildur Lóa leggur fram fjölmargar fyrirspurnir á Alþingi varðandi viðskipti heimilanna á fjármálamarkaði

15.06.2022 Ásthildur Lóa hefur lagt fram 48 fyrirspurnir og samtals 66 þingmál, flest allra þingmanna á 152. þingi

16.06.2022 Enduþptökudómur hafnar beiðni um enduþptöku verðtryggingarmáls Hagsmunasamtaka heimilanna

16.06.2022 *Takk seðlabankastjóri* skrifar Vilhjálmur Birgisson og vísar m.a. í baráttu sína og HH gegn verðtryggingu

22.06.2022 Formaður fjallar um 1% stýrivaxtahækkun seðlabankans á Facebook síðu HH - *Hvað er að þessu fólki?*

23.06.2022 Fréttatíminn fjallar um skrif Ásthildar Lóu Þórsdóttur formanns HH á Facebook síðu samtakanna

27.06.2022 Formaður HH í viðtali í Bítinu á Bylgjunni um verðbólgu, vaxtahækkunir og stöðu heimilanna

27.06.2022 Formaður HH í viðtali í Fréttavaktinni á Hringbraut um verðbólgu, vaxtahækkunir og stöðu heimilanna

01.07.2022 Fréttablaðið fjallar um svar við fyrirspurn Ásthildar Lóu um fólk sem hefur aldrei eignast íbúðahúsnæði

07.07.2022 Kjarninn birtir aðsenda grein formanns HH - *Hafa launakjör dómara áhrif á réttláta málsmeðferð?*

25.07.2022 Formaður HH í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 um áhrif verðbólgu og vaxtahækkana á heimilin

25.07.2022 Vísir fjallar um viðtal við formann HH - *Það þarf að verja heimilin fyrir þessum áhrifum en ekki fórn þeim...*

27.07.2022 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi til laga um sýslumann

30.07.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir í viðtali í hádegisfréttum RÚV um áhrif vaxtahækkana á heimilin

09.08.2022 **Stjórnarfundur HH nr. 7/2022**

10.08.2022 HH senda frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla - *Aðgerðir gegn verðbólgunni verri en verðbólgan sjálf*

10.08.2022 Útvarp Saga fjallar um yfirlýsingu HH um aðgerðir gegn verðbólgunni sem eru verri en verðbólgan sjálf

10.08.2022 Formaður HH í viðtali á Útvarpi Sögu - *Pólítísk stefna að halda heimilunum í skuldum...*

11.08.2022 Frettin.is birtir yfirlýsingu stjórnar HH um aðgerðir gegn verðbólgunni sem eru verri en verðbólgan sjálf

15.08.2022 Formaður HH í Bítinu á Bylgjunni - *Aðgerðir seðlabankans gegn verðbólgunni verri en verðbólgan sjálf*

15.08.2022 Frétt á Vísi byggð á viðtalinu í Bítinu - *Aðgerðir gegn verðbólgunni verri en verðbólgan sjálf*

16.08.2022 Formaður HH í viðtali á Hringbraut - *Aðgerðir seðlabankans gegn verðbólgunni verri en verðbólgan sjálf*

16.08.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir formaður HH í viðtali hjá Sigmundi Erni Rúnarssyni í Fréttavaktinni á Hringbraut

18.08.2022 HH tilnefni fulltrúa sinn í vinnuhóp Menningar- og viðskiptaráðuneytisins um gjaldtöku bankanna

18.08.2022 Frétt á Hringbraut - *Ásthildur Lóa fengið nóg og segir að það sé eitthvað mikið að á Íslandi*

19.08.2022 HH senda umsögn í samráðsgátt um reglugerð um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólfi

20.08.2022 Vísað í málflytning HH í viðtali við formann BHM - *Aðgerðir gegn verðbólgunni verri en verðbólgan sjálf*

25.08.2022 Stjórn HH sendir frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla - *Að verja heimilin með því að merja þau*

25.08.2022 Vefmiðill Morgunblaðsins fjallar um yfirlýsingu HH - *Rýtingur í bakið á heimilum landsins*

25.08.2022 Vísað í málflytning HH í viðtali við forsætisráðherra á Visir.is og í fréttum Stöðvar 2

25.08.2022 Vefmiðill Fréttablaðsins fjallar um yfirlýsingu HH - *Vilja að vaxtahækkunir verði dregnar til baka*

25.08.2022 Vefsíða Útvarps Sögu fjallar um yfirlýsingu HH - *Vilja að heimilin séu varin en ekki marín*

25.08.2022 Frettin.is fjallar um yfirlýsingu HH - *Að verja heimilin með því að merja þau*

25.08.2022 Fulltrúar HH eiga fund með fréttastjóra RÚV varðandi fréttumfjöllun um málefni heimilanna

01.09.2022 Nýr ráðgjafi hefur störf hjá samtökunum í óháðri ráðgjafarþjónustu og réttindagæslu

02.09.2022 HH senda frá sér yfirlýsingu - *Mótmæla rafrænni aðskilnaðarstefnu ráðherra*

02.09.2022 Útvarp Saga fjallar á vefsíðu sinni um yfirlýsingu HH - *Mótmæla rafrænni aðskilnaðarstefnu ráðherra*

02.09.2022 Blaðamaður Stundarinnar tekur viðtal við ráðgjafa HH um verðtryggingu húsnæðislána og vaxtahækkunir

05.09.2022 HH vekja athygli á skyldum lánveitenda við vaxtahækkun - *Vaxtahækkunir og skyldur lánveitenda*

06.09.2022 **Stjórnarfundur HH nr. 8/2022**

09.09.2022 Stundin birtir forsíðuviðtal við starfsmann HH - *Aldrei aftur verðtrygging*

09.09.2022 Stundin birtir umfjöllun um húsnæðislán, vaxtahækkunir og viðtal við starfsmann HH

09.09.2022 HH auglýsa ráðgjafarþjónustu samtakanna í Stundinni

09.09.2022 Kjarninn fjallar um svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásthildar Lóu um hækkun fasteignamats og fjárlög

09.09.2022 HH endursenda fyrri yfirlýsingu - *Ráðherra gengur erinda innheimtuaðila*

15.09.2022 Umfjöllun Stundarinnar um verðtryggð lán og viðtal við starfsmann HH sæta gagnrýni Viðskiptablaðsins

15.09.2022 Fyrirverandi stjórnarmaður HH og formaður VR býður sig fram til formannskjörs Alþýðusambands Íslands

16.09.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir segir frá baráttumálum sínum hjá HH og starfi sínu á Alþingi á Fundi fólksins

20.09.2022 HH birta frétt um umfjöllun Stundarinnar um verðtryggð lán og fleira - *Fátækragilda verðtryggðra lána*

24.09.2022 Morgunblaðið birtir grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur um verðtryggð lán - *Opinber glæpastarfsemi*

27.09.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir er málshefjandi umræðu á Alþingi um verðbólgu, vexti og stöðu heimilanna

30.09.2022 HH senda Félagsmálaráðuneytinu greinargerð vegna styrks sem veittur var fyrr á árinu

01.10.2022 Fulltrúar HH funda með sérfræðingum Creditinfo vegna undirbúnings greinargerðar um lánshæfismat

03.10.2022 Fulltrúar HH sóttu fund HMS og SI um stöðuna á íbúðamarkaði

06.10.2022 Varaformaður HH í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 um vaxtahækkunir og greiðslubyrði húsnæðislána

08.10.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir tekur þátt í umræðum um málefni líðandi stundar í Silfrinu á RÚV

10.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um hækkun skattleysismarka og lágmarksframfærslu lífeyrisþega

10.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna verðbólgu og vaxtahækkana

10.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um aðgerðir til að sporna við áhrifum verðbólgu á húsnæðiskostnað

10.10.2022 Stjórnarfundur HH nr. 9/2022

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um vísitölu neysluverðs án húsnæðisverðs

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um nauðungarsölu og eftirstöðvar (lyklafrumvarp)

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldstofn fasteignaskatts)

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um ógilda skilmála í neytendasamningum og bótaskyldu

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda)

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um réttarúrræði neytendaverndarsamtaka

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um ráðherraábyrgð (upplýsingaskylda ráðherra)

17.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um meðferð fjárhagsupplýsinga um einstaklinga

18.10.2022 Vísir fjallar um umsögn HH um fjárlagafrumvarpið - *Saka stjórnvöld um að láta vaxtabótakerfið gufa upp*

19.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingar á húsaleigulögum (skráningarskylda o.fl.)

19.10.2022 Fulltrúi HH sækir upphafsfund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjalddöku viðskiptabankanna

19.10.2022 Háskólinn á Bifröst birtir umfjöllun um tillögur í BS verkefni sem rötuðu í lagafrumvarp að tilstuðlan HH

20.10.2022 Fulltrúi HH sækir kynningarfund félags- og vinnumarkaðsráðherra um úthlutanir styrkja til félagsamtaka

24.10.2022 Morgunblaðið fjallar um tillögur í BS verkefni laganema sem rötuðu í lagafrumvarp að tilstuðlan HH

24.10.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um valfrjálsa bókun við alþjóðamannréttindasamning

- 28.10.2022 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna
- 28.10.2022 Stundin fjallar um húsnæðislán Alþingismanna - vitnar í nýlegt viðtal Stundarinnar við starfsmann HH
- 31.10.2022 HH senda umsögn til menningar- og viðskiptaráðuneytis um fyrirhugað frumvarp til markaðssetningarlag
- 02.11.2022 Fjallað um Hagsmunasamtök heimilanna í Bítinu (umræða um vaxtahækkunar, húsnæðismál og hrunið)
- 03.11.2022 Stjórnarfundur HH nr. 10/2022**
- 03.11.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir hvetur til hækkunar bankaskatts í aðsendri grein á Kjarnanum
- 04.11.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um heimild til niðurfellingar námslána
- 06.11.2022 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um breytingar á skipulagslögum (hagkvæmt húsnæði)
- 07.11.2022 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um undanþágu leigjenda frá greiðslumati húsnæðislána
- 09.11.2022 Fulltrúar HH funda með velferðarnefnd Alþingis um frumvarp um breytingu á húsaleigulögum
- 10.11.2022 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna
- 11.11.2022 Hagsmunasamtök heimilanna funda með formanni Samtaka leigjenda á Íslandi
- 11.11.2022 Hagsmunasamtök heimilanna sækja um styrk og brautargengi til Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins
- 11.11.2022 Fjallað er um HH í kvöldfréttum á Rás 1 og á vef RÚV - *Frumvarp um breytingar á skipulagslögum*
- 14.11.2022 Viðtal við Ásthildi Lóu Þórsdóttur í tíufréttum RÚV um skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu Íslandsbanka
- 15.11.2022 Viðtal við Ásthildi Lóu Þórsdóttur í Kastljósi RÚV um skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu Íslandsbanka
- 17.11.2022 Fulltrúi HH sækir viðburð ÖBÍ - *Öryggi eða afkomuótti* (kynning á könnun á húsnæðismálum fatlaðra)
- 18.11.2022 Fulltrúi HH tekur þátt í fjarfundi vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna
- 22.11.2022 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Svört skýrsla um áhrif verðtryggingar fæst ekki birt*
- 22.11.2022 Fjallað er um fréttatilkynningu HH á vef Morgunblaðsins - *Vill að skýrsla um verðtrygginguna verði birt*
- 22.11.2022 Fjallað er um fréttatilkynningu HH á vefnum Miðjan - *Svört skýrsla um áhrif verðtryggingar fæst ekki birt*
- 22.11.2022 Fjallað er um fréttatilkynningu HH á vef Útvarps Sögu - *Svört skýrsla um áhrif verðtryggingar fæst ekki birt*
- 25.11.2022 Fréttablaðið fjallar um málfutning Ásthildar Lóu Þórsdóttur um kjaramál og áhrif stýrivaxtahækkunar
- 25.11.2022 Fulltrúar HH funda með velferðarnefnd Alþingis um skattleysismörk og lágmarksframfærslu lífeyrisþega
- 30.11.2022 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna
- 30.11.2022 Hagsmunasamtök heimilanna gefa út greinargerð um lánshæfismat Creditinfo
- 07.12.2022 Stjórnarfundur HH nr. 11/2022**
- 08.12.2022 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna
- 08.12.2022 Fjallað um fyrirspurn Ásthildar Lóu á Alþingi um hækkunar á leigumarkaði í hádegisfréttum RÚV
- 08.12.2022 Fjallað um hækkunar húsaleigu og ákall Ásthildar Lóu Þórsdóttur um neyðarlög í kvöldfréttum RÚV
- 12.12.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir í Bítinu á Bylgjunni um lánin og leiguna - *Björgunaraðgerðir fyrir heimilin strax*
- 14.12.2022 Vísir fjallar um málfutning Ásthildar Lóu um aðgerðir ríkisstjórnarinnar - *Þetta eru plástrar á svöðusár*
- 11.01.2023 Fulltrúar HH sækja kynningarfund um stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- 11.01.2023 Stjórnarfundur HH nr. 1/2023**
- 17.01.2023 Heimildin birtir grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur formanns HH - *Að brjóta lög í sátt við yfirvöld*
- 17.01.2023 HH sendir forystu Eflingar hvatningu um að nýta sér ráðgjafarþjónustu samtakanna fyrir félagsfólk sitt
- 18.01.2023 HH sækja um endurnýjun þjónustusamnings við Menningar- og viðskiptaráðuneytið
- 19.01.2023 Fulltrúi HH sækir upphafsfund vinnuhóps um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- 23.01.2023 Ásthildur Lóa Þórsdóttir leggur krefjandi spurningar fyrir fjármálaráðherra á Alþingi um stöðu heimilanna
- 27.01.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna

- 27.01.2023 Heimildin birtir grein eftir formenn HH og VR - *En öllu er á rönguna snúið*
- 03.02.2023 Fulltrúi HH sækir annan fund vinnuhóps um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- 04.02.2023 Morgunblaðið birtir grein eftir Ásthildi Lóu Þórsdóttur - *Verðbólguhvetjandi vaxtahækkunar*
- 07.02.2023 Ásthildar Lóa Þórsdóttir í viðtali á Útvarpi Sögu um vaxtahækkunar, verðbólgu og húsnæðismál
- 07.02.2023 Stjórnarfundur HH nr. 2/2023**
- 07.02.2023 Hringbraut fjallar um skrif Ragnars Þórs Ingólfssonar um hrúnið og Hagsmunasamtök heimilanna
- 08.02.2023 HH senda frá sér fréttatilkynningu vegna stýrivaxtahækkunar - *Glæpsamlegt áhlaup á varnarlaus heimili*
- 08.02.2023 Fréttablaðið fjallar um fréttatilkynningu HH - *Eins og að kveikja í húsi til að losa við köngulóarvef*
- 08.02.2023 DV/Eyjan birtir fréttatilkynningu HH - *Glæpsamlegt áhlaup á varnarlaus heimili*
- 08.02.2023 Útvarp Saga fjallar um fréttatilkynningu HH - *Segja Seðlabankann stunda glæpsamlegt áhlaup á heimilin*
- 08.02.2023 Mannlíf fjallar um grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur í Morgunblaðinu - *Verðbólguhvetjandi vaxtahækkunar*
- 08.02.2023 Fréttatíminn fjallar um fréttatilkynningu HH - *Glæpsamlegt áhlaup á varnarlaus heimili*
- 08.02.2023 Hagsmunasamtök heimilanna boða til aðalfundar 2023
- 09.02.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna
- 14.02.2023 Fréttatíminn fjallar um frétt á vefsíðu HH og grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur - *Að brjóta lög í sátt við yfirvöld*
- 15.02.2023 Fulltrúi HH sækir námskeið á vegum Háskóla Íslands um grunnatriði í fjármálum heimilanna
- 17.02.2023 Fulltrúi HH sækir þriðja fund vinnuhóps um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- 21.02.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um innleiðingu bókuar 35 við EES-samninginn
- 22.02.2023 HH senda fjármálastofnunum áskorun um samfélagslega ábyrgð vegna áhrifa vaxtahækkana
- 23.02.2023 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2023**

ÁRSREIKNINGUR 2022

- fyrir aðalfund 23. febrúar 2023

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Ársreikningur 2022
Hagsmunasamtök heimilanna
kt. 520209-2120

Ársreikningur 2022

Hagsmunasamtök heimilanna

kt. 520209-2120

Efnisyfirlit:

| | |
|---------------------------------------|-------|
| Áritun bókhaldsstofu..... | 3 |
| Áritun stjórnar og skoðunarmanna..... | 4 |
| Rekstrarreikningur..... | 5 |
| Efnahagsreikningur..... | 6-7 |
| Skýringar..... | 8-9 |
| Sundurlíðanir með ársreikningi..... | 10-11 |

Áritun bókhaldsstofu

Til stjórnar í Hagsmunasamtökum heimilanna:

Undirritaður hefur aðstoðað við að semja ársreikning fyrir Hagsmunasamtök heimilanna, vegna ársins 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðun, skýringum sem og samanburð við fyrra ár. Ársreikningurinn er síðan hluti af starfsskýrslu stjórnar til félagsmanna.

Reikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum. Ársreikningurinn er í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Við ársreikningagerðina var leitast við að leiða fram með glöggum hætti rekstur og efnahag samtakanna og við þá vinnu voru framkvæmdar þær skoðanir á bókhaldi og uppgjörum fyrri ára sem talið var nauðsynlegt. Jafnframt var bókhald, staða bankareikninga, uppgjör á ógreiddum kostnaði og launatengdum gjöldum skoðað í byrjun árs 2023 og stemmt af, til að sannreyna áramótastöður ársreikningsins.

Vísað er í skýringar og sundurliðanir varðandi einstaka liði uppgjörins.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og ég tel skipta máli koma þar fram.

Hafnarfirði, 4. febrúar 2023,

Jón bókari slf., bókhaldsþjónusta,



Jón Helgi Óskarsson,
viðurkenndur bókari.

Áritun stjórnar og skoðunarmanna

Undirritun stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna


Kjörnir stjórnarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, tímabilið 23. febrúar 2022 til 23. febrúar 2023, staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2022, með undirritun sinni.

Vísað er til skýrslu stjórnar um liðið starfsár, sem fylgir með ársreikningi þessum til aðalfundar.

Hafnarfirði, 4. febrúar 2023,
í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna starfsárið 2022 til 2023:



Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
formaður,




Guðmundur Ásgeirsson,
varaformaður,



Sigríður Órlygsdóttir,
gjaldkeri,



Einar Valur Ingimundarson,
ritari,



Halþór Ólafsson,
meðstjórnandi.

Undirritun kjörinna skoðunarmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

Skoðunarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, undirrita hér með án athugasemda ársreikning samtakanna fyrir rekstrarárið 2022.

Hafnarfirði, 4. febrúar 2023,



Sigríður Gerður Hallgrímsdóttir,
skoðunarmaður,



Sólveig Sigurgeirsdóttir,
skoðunarmaður.

Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Tekjur: | | | |
| Félagsgjöld | 7 | 8.589.700 | 8.937.600 |
| Framlög og styrkir | 8 | 4.105.470 | 10.173.850 |
| Sérstök fjáröflun | 9 | 408.700 | 1.219.699 |
| Málskostnaðarstyrkir | 10 | 50.000 | 57.000 |
| Tekjur af útseldri þjónustu | 11 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | 12 | 0 | 0 |
| | | <u>13.153.870</u> | <u>20.388.149</u> |
| Gjöld: | | | |
| Aðkeypt vinna til endursölu | 13 | 0 | 0 |
| Aðkeypt vinna vegna fjáröflunar | 14 | 0 | 27.920 |
| Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækis vegna fjáröflunar | | 3.440 | 53.293 |
| Annar kostnaður v/fjáröflunar | | 0 | 0 |
| Bankakostnaður v/innheimtu félagsgjalda | | 31.655 | 27.056 |
| Annar kostnaður v/innheimtu félagsgjalda | | 0 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld | 6/17 | 8.517.546 | 9.582.424 |
| Málskostnaðarstyrkir | 16 | 0 | 0 |
| Lögfræðikostnaður | 18 | 997.875 | 1.396.372 |
| Þýðingar | | 0 | 0 |
| Auglýsingar | | 130.939 | 1.531.400 |
| Húsaleiga og rekstur húsnæðis | | 1.584.798 | 2.054.623 |
| Kannanir og rannsóknir | | 0 | 0 |
| Árgjöld til samstarfsfélaga | 15 | 55.000 | 25.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 19 | 1.395.483 | 1.227.976 |
| | | <u>12.716.736</u> | <u>15.926.064</u> |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): | | | |
| Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur | | 434.225 | 62.847 |
| Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld | 20 | (22.928) | (22.325) |
| | | <u>411.297</u> | <u>40.522</u> |
| Skattar- og gjöld: | | | |
| Álagður fjármagnstekjuskattur v/vaxta fyrra árs | 5 | (13.801) | (21.579) |
| Rekstrarafgangur (tap) ársins | | <u>834.630</u> | <u>4.481.028</u> |

Efnahagsreikningur

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|--|-------|------------|------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir: | | | |
| | | 0 | 0 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Tryggingafé vegna húsaleigu | | 211.000 | 211.000 |
| | | 211.000 | 211.000 |
| Fastafjármunir og áhættufjármunir alls | | 211.000 | 211.000 |
| Veltufjármunir: | | | |
| Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur | 5 | 95.532 | 13.796 |
| Útistandandi kröfur og aðrar skammtímakröfur | 3/5 | 94.000 | 94.000 |
| Bankainnstæður í lok uppgjörstímabils | 4/21 | 21.635.029 | 20.457.577 |
| Veltufjármunir alls | | 21.824.561 | 20.565.373 |
| Eignir samtals | | 22.035.561 | 20.776.373 |

pr. 31. desember

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|--|-------|--------------------------|--------------------------|
| Skuldir og handbært fé | | | |
| Handbært fé: | | | |
| Óráðstafað handbært fé félagssjóðs | | 13.379.281 | 12.997.509 |
| Óráðstafað handbært fé málskostnaðarsjóðs | 4 | 746.128 | 276.987 |
| Óráðstafað handbært fé fjáröflunarsjóðs | 4 | 6.363.801 | 6.380.084 |
| Annað óráðstafað handbært fé | 4 | 0 | 0 |
| Óráðstafað handbært fé alls | | <u>20.489.210</u> | <u>19.654.580</u> |
| | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Ógreiddur kostnaður | | 341.096 | 850.627 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 6/17 | 655.255 | 271.141 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 5 | 550.000 | 25 |
| Skammtímaskuldir alls | | <u>1.546.351</u> | <u>1.121.793</u> |
| | | | |
| Skuldir alls | | <u>1.546.351</u> | <u>1.121.793</u> |
| | | | |
| Skuldir og óráðstafað handbært fé samtals | | <u><u>22.035.561</u></u> | <u><u>20.776.373</u></u> |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Einstakir liðir rekstrar og efnahags eru sundurliðaðir hér fyrir aftan en aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir:

Fastafjármunir og áhættufjármunir

2. Félagið lagði út kr. 211.000 fyrir tryggingu vegna húsaleigu á árinu 2021.

Skammtímakröfur

3. Meðal skammtímakrafna í árslok er að finna kröfu vegna fyrirframgreiðslu skatta. Þar er einnig fjárhæð kr. 94.000 vegna ofgreiðslu á húsaleigu árið 2021.

Handbært fé

4. Greining á handbæru fé: Heildar óráðstafað handbært fé í árslok 2022 nemur kr. 20.489.210.

| | Óráðstafað handbært fé | Samanburður við fyrra ár |
|---|---------------------------|-----------------------------|
| Óráðstafað handbært fé, yfirfært f.f. ári | 19.654.580 | 15.173.552 |
| Rekstrarafgangur (tap) ársins | 834.630 | 4.481.028 |
| | <u>20.489.210</u> | <u>19.654.580</u> |

Þar af greinist fjáröflunarreikningur með eftirfandi hætti

| | Sundurliðun | Árið 2021 |
|--|------------------|------------------|
| Staða fjáröflunar, yfirfærð frá fyrra ári | 6.551.928 | 5.366.690 |
| Innborganir frá styrktaraðilum | 408.700 | 1.219.699 |
| Bankakostnaður v.innheimtu | -3.440 | -51.877 |
| Þóknun og kostnaður kortafyrirtækis | 0 | -1.416 |
| Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuvinna | 0 | -27.920 |
| Aðrar (-kröfur) skuldir við félagssjóð | 0 | 27.920 |
| Uppgerð skuld við/krafa á félagssjóð f.f.ári | -171.844 | 0 |
| Dæmdur málskostnaður | -550.000 | 0 |
| Innvextir | 164.690 | 24.129 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | -36.233 | -5.297 |
| | <u>6.363.801</u> | <u>6.551.928</u> |
| Óuppgert við félagssjóð v.posaleiga | 0 | -12.980 |
| Annað óuppgert við félagssjóð | 0 | -158.864 |
| Óráðstafað fé fjáröflunarsjós: | <u>6.363.801</u> | <u>6.380.084</u> |

Þar af greinist málskostnaðarsjóður með eftirfarandi hætti:

| | Sundurliðun | Árið 2021 |
|---|----------------|----------------|
| Málskostnaðarsjóður, yfirfært frá fyrra ári | 276.987 | 219.389 |
| Framlag úr félagssjóði | 800.000 | 602.640 |
| Innborgaðir styrkir | 50.000 | 57.000 |
| Innb. þjónustutekna (skuld við félagssjóð) | 4.900 | 0 |
| Innvextir bankareiknings | 18.749 | 760 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | -4.125 | -162 |
| Greiddur lögfræðikostnaður | -395.483 | -602.640 |
| Staða málskostnaðarsjóðs skv. banka í árslok: | <u>751.028</u> | <u>276.987</u> |
| Annað óuppgert við félagssjóð | -4.900 | |
| Óráðstafað fé málskostnaðarsjóðs: | <u>746.128</u> | <u>276.987</u> |

Skýringar

Skattamál

5. Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur kr. 95.532, mun ganga upp í álagningu skattsins pr. 1. nóv. 2023.

Starfsmannamál

6. Frá 1. september voru tveir starfsmenn á launaskrá hjá samtökunum. Samtals 1,5 stöðugildi. Samtals fjöldi greiddra vinnustunda á árinu jafngilti 0,71 stöðugildi (0,96 árið áður). Stjórnarstörf eru ólaunuð samanber 9. grein samþykktta samtakanna. Um laun og launatengd gjöld vísast að öðru leyti til sundurliðana með ársreikningi.

Sundurliðanir með ársreikningi

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-------|-----------|------------|
| 7. Félagsgjöld: | | | |
| Félagsgjöld, 2022 @4.900 (1679 greiðslur) + 1 millifærsla | | 8.305.500 | 0 |
| Félagsgjöld, 2021 @4.900 (56/1825 greiðslur) | | 289.100 | 8.942.500 |
| Félagsgjöld, 2020 @4.900 (0/1939+2 millifærslur) | | 0 | 0 |
| Félagsgjöld, 2020 @4.900 (0/2 aukagreiðslur) | | 0 | 0 |
| Endurgreidd og afskrifuð félagsgjöld | | (4.900) | (4.900) |
| Félagsgjöld alls: | | 8.589.700 | 8.937.600 |
| 8. Framlög og styrkir: | | | |
| Framlög frá einstaklingum | | 5.470 | 58.000 |
| Framlög frá ríkissjóði | | 4.100.000 | 10.000.000 |
| Framlög frá sveitarfélögum | | 0 | 0 |
| Framlög frá stéttarfélögum | | 0 | 50.000 |
| Framlög frá öðrum aðilum (lögaðilum) | | 0 | 65.850 |
| Framlög og styrkir alls: | | 4.105.470 | 10.173.850 |
| 9. Sérstök fjáröflun (bakhjarlar HH): | | | |
| Fjáröflun frá einstaklingum | | 408.700 | 1.135.699 |
| Fjáröflun frá lögaðilum | | 0 | 0 |
| Fjáröflun með boðgreiðslum | | 0 | 84.000 |
| Fjáröflun alls: | 4 | 408.700 | 1.219.699 |
| 10. Málskostnaðarstyrkir: | | | |
| Málskostnaðarstyrkir frá einstaklingum | | 50.000 | 57.000 |
| Málskostnaðarstyrkir frá öðrum | | 0 | 0 |
| Málskostnaðarstyrkir alls: | 4 | 50.000 | 57.000 |
| 11. Tekjur af útseldri þjónustu: | | | |
| Þjónustutekjur vegna endurútreikninga | | 0 | 0 |
| Tekjur af útseldri þjónustu alls: | | 0 | 0 |
| 12. Aðrar tekjur: | | | |
| Niðurfelldar eldri skuldir við lánardrottna | | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur alls: | | 0 | 0 |
| 13. Aðkeypt vinna til endursölu: | | | |
| Aðkeypt vinna án vsk | | 0 | 0 |
| Aðkeypt vinna til endursölu alls: | | 0 | 0 |
| 14. Aðkeypt vinna vegna fjáröflun: | | | |
| Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun v/fyrri árs | | 0 | 0 |
| Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun | | 0 | 27.920 |
| Aðkeypt vinna við fjáröflun alls: | | 0 | 27.920 |
| 15. Árgjöld til samstarfsaðila: | | | |
| Árgjald til EAPN og Almannaheilla | | 55.000 | 25.000 |
| Árgjöld til samstarfsaðila alls: | | 55.000 | 25.000 |
| 16. Málskostnaðarstyrkir vegna félagsmanna: | | | |
| Styrkir út fjáröflunarsjóði til félagsmanna: | | 0 | 0 |
| Styrkir úr fjáröflunarsjóði alls: | | 0 | 0 |

Sundurliðanir með ársreikningi

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-------|------------|------------|
| 17. Laun og launatengd gjöld: | | | |
| Laun | | 6.973.046 | 7.955.225 |
| Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður | | 1.544.500 | 1.627.199 |
| Laun og launatengd gjöld alls: | 6 | 8.517.546 | 9.582.424 |
| 18. Lögfræðikostnaður: | | | |
| Lögfræðikostnaður greiddur úr málskostnaðarsjóði | | 395.483 | 0 |
| Lögfræðikostnaður greiddur úr félagssjóði | | 52.392 | 793.732 |
| Lögfræðikostnaður ógreiddur í árslok | | 0 | 602.640 |
| Lögfræðikostnaður greiddur úr fjáröflunarsjóði | | 550.000 | 0 |
| Lögfræðikostnaður alls: | | 997.875 | 1.396.372 |
| 19. Annar rekstrarkostnaður: | | | |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | | 0 | 0 |
| Viðhald tækja og hugbúnaðar | | 17.990 | 36.270 |
| Aðkeyptur akstur og annar bifreiðakostnaður | | 0 | 0 |
| Símakostnaður | | 27.330 | 29.071 |
| Burðargjöld | | 2.370 | 7.075 |
| Pappír, prentun og ritföng | | 29.281 | 81.296 |
| Ferðakostnaður | | 30.385 | 0 |
| Þjónusta og rekstur tölvukerfis og heimasíðu | | 103.248 | 78.362 |
| Neytendatorg, vinna við hönnun vefsíðu | | 92.194 | 526.380 |
| Bókhaldsaðstoð, reikningsskil og uppgjör | | 483.055 | 368.160 |
| Aðkeypt önnur skrifstofuþjónusta | | 3.400 | 6.800 |
| Fundir og félagsstarf, þ.m.t. fréttabréf | | 74.220 | 94.562 |
| Félagsstarf og annar rekstrarkostnaður alls: | | 863.473 | 1.227.976 |
| 20. Vextir og fjármagnsgjöld: | | | |
| Ýmis vaxtagjöld | | (19.518) | (14.994) |
| Þjónustugjöld banka og greiðslukorta | | (3.410) | (7.331) |
| Vextir og önnur fjármagnsgjöld alls: | | (22.928) | (22.325) |
| 21. Handbært fé: | | | |
| Bankareikningar félagssjóðs hjá Sparisjóði S-Þingeyinga | | 14.520.200 | 13.628.662 |
| Fjáröflunarreikningar hjá Sparisjóði S-Þingeyinga | 4 | 6.363.801 | 6.551.928 |
| Málskostnaðarreikningur hjá Sparisjóði S-Þingeyinga | 4 | 751.028 | 276.987 |
| Handbært fé alls: | | 21.635.029 | 20.457.577 |

SAMÞYKKTIR 2022

- fyrir aðalfund 23. febrúar 2023

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar með breytingum á aðalfundi Hagsmunasamtaka heimilanna 27. apríl. 2010, 31. maí 2012, 15. maí 2014, 21. maí 2015, 30. maí 2017, 20. febrúar 2018, 25. febrúar 2020, 23. febrúar 2021 og 23. febrúar 2022. Þær eiga uppruna sinn að rekja til stofnsamþykktta samtakanna frá 15. janúar 2009 með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009.

1. gr. Heiti, varnarþing og félagssvæði

- Samtökin heita Hagsmunasamtök heimilanna fta., skammstafað HH.
- Heimili samtakanna, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagssvæði samtakanna nær til alls landsins.
- Samtökin starfa samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

2. gr. Forsendur

- Samtökin eru frjáls og óháð stjórnmalaflokkum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.
- Þar sem ákvæði þessara samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

3. gr. Tilgangur

- Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu.
- Samtökin eru málsvari og talsmaður félagsmanna í umræðu um hagsmuni heimilanna til skemmri og lengri tíma.
- Samtökin koma fram fyrir hönd félagsmanna og neytenda á fjármálamarkaði í hverskyns hagsmunamálum, svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum eða hverjum öðrum málferlum er snerta réttindi þeirra.

4. gr. Markmið

- Markmið samtakanna er að beita sér fyrir lagabreytingum og / eða lagasetningum til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
- Markmið samtakanna er að stuðla að leiðréttingu veðlána heimilanna vegna brota gegn réttindum neytenda eða forsendubrests, jafna ábyrgð milli lántaka og lánveitenda, bæta réttarstöðu neytenda í lánaviðskiptum og stuðla að réttlátum og sanngjörnum lánskjörum fyrir neytendur.
- Markmið samtakanna er að efla vitund neytenda um réttarstöðu sína og samtakamátt.
- Samtökin vinna að tilgangi sínum og markmiðum eftir öllum lögmætum leiðum og með réttmætum samtakamætti. Í því skyni geta samtökin höfðað dómsmál eða leitað annarra réttarúrræða til að vernda heildarhagsmuni neytenda og stutt neytendur í fordæmisgefandi málum.
- Samtökin geta unnið að tilgangi sínum og markmiðum með aðild að og þátttöku í starfsemi félagasambanda sem hafa samrýmanlegan tilgang og markmið.

5. gr. Aðild og úrsögn

- Aðild að samtökunum er einstaklingsbundin og miðast við að lágmarki 18 ára aldur.
- Umsókn um aðild skal vera skrifleg, til dæmis með rafrænni skráningu á heimasíðu samtakanna, fyllt út á félagsfundi og/eða með öðrum skriflegum sannanlegum hætti. Sama á við um úrsögn úr samtökunum.

6. gr. Aðalfundur

- Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagsmenn samtakanna. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og opinberri tilkynningu á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is, með minnst 14 daga fyrirvara. Fundargögn skulu vera aðgengileg félagsmönnum minnst 3 dögum fyrir fund. Stjórn er heimilt að verða við óskum félagsmanna um fundarboðun með pósti greiði viðkomandi félagsmaður sendingarkostnað sem hlýst af fundarboðun.
- Framboð til stjórnar skal berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist nægur fjöldi framboða innan þess frests skal fundarstjóri óska eftir framboðum á aðalfundi.
- Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar félagsins
 3. Lagabreytingar
 4. Kosning stjórnar
 5. Kosning varamanna
 6. Kosning skoðunarmanna
 7. Önnur mál
- Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum áheyrn með fundarsetu.
- Á aðalfundi skal stjórn gefa skýrslu ársins um starf og árangur samtakanna.
- Ársreikning skal staðfesta með áritun meirihluta aðalstjórnar að minnsta kosti. Formaður og gjaldkeri skulu ávallt staðfesta ársreikning með áritun sinni. Ársreikning skal leggja fyrir á aðalfundi.
- Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Þá er heimilt að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef fyrir liggja brýn málefni sem ekki geta beðið reglulegs aðalfundar, eða ef 20% félagsmanna fara fram á slíka boðun með tillögu um dagskrá.

7. gr. Almennir félagsfundir og vinnufundir

- Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.
- Stjórn skal ætíð boða til félagsfundar innan 14 daga komi fram ósk um það frá meirihluta stjórnarmanna eða 20% félagsmanna.
- Vinnufundir skulu kynntir á heimasíðu félagsins.

8. gr. Afgreiðsla mála

- Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti. Þá er heimilt að hafa opið fyrir atkvæðagreiðslu í allt að þrjú daga frá lokum fundar.
- Heimilt er stjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um málefni án þess að fyrst

hafi verið boðað til fundar nema samþykktir kveði á um annað.

9. gr. Stjórn

- Stjórn samtakanna skal skipuð 5 aðalmönnum og 3-5 til vara, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna. Stjórnin kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Firma félagsins ritar meirihluti stjórnar.
- Stjórnarstörf eru ólaunuð, en heimilt er að greiða fyrir útlagðan kostnað vegna rekstrar samtakanna. Þrátt fyrir það getur stjórnarmaður til jafns við aðra gefið kost á sér til verkefna, sem stjórn ákveður að stofna til og kaupa þjónustu fyrir gegn eðlilegu og sanngjörnu endurgjaldi, enda hafi atkvæði hans ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun. Skal hann þá jafnframt víkja sæti við allar frekari ákvarðanir stjórnar um verkefnið. Gera skal skriflegan þjónustusamning um hvert verkefni, sem innihaldi skýra verklýsingu og upplýsingar um alla kostnaðarskiptingu verkefnisins milli verkkaupa og verksala.
- Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti mánaðarlega og skal hún halda fundargerðir. Að öðru leyti kveður stjórnarformaður stjórnina til fundar, þegar honum þykir þörf og skylt er honum að boða til fundar í stjórninni þegar tveir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarmenn skulu boða forföll, komist þeir ekki á stjórnarfund. Nú sækir aðalmaður ekki stjórnarfundum um tveggja mánaða skeið. Fyrirgerir hann sér þá sæti sínu í stjórn, nema um lögmæta ástæðu sé að ræða, tekur sæti síðasta manns í varastjórn og fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn í hans stað.

10. gr. Verkefni stjórnar

- Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundum. Formaður boðar til stjórnarfundum með sannanlegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eða fleiri stjórnarmenn eða varamenn þeirra eru mættir.
- Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns fundarins. Varamaður hefur aðeins tillögurétt á stjórnarfundum nema hann leysi af stjórnarmann.
- Stjórn semur stefnuskrá hvers starfsárs. Stjórn skal hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi samtakanna eða ræður sérstakan aðila til þess og til sértækra verkefna.
- Stjórn setur nefndum samtakanna reglur þar sem fram kemur hlutverk nefndanna.
- Fastráðnir starfsmenn samtakanna skulu ekki samhliða gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnarmálasamtök.
- Í samþykktum þessum eru stjórnarmálasamtök skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna. Trúnaðarstörf fyrir stjórnarmálasamtök eru störf í stjórnnum, ráðum og nefndum og önnur sambærileg störf á vegum eða í þágu stjórnarmálasamtaka. Formlegir talsmenn stjórnarmálasamtaka, frambjóðendur þeirra, starfsmenn og kjörnir fulltrúar teljast einnig gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnarmálasamtök.

11. gr. Staðbundnar deildir og nefndir

- Félagsmönnum er heimilt að stofna staðbundnar deildir sem starfa sjálfstætt á ákveðnum svæðum landsins, en þó eftir samþykktum og stefnuskrá samtakanna.
- Innan samtakanna starfa málefna nefndir sem annast upplýsingaöflun, greiningu, úrvinnslu og málefnauppbyggingu einstakra málefna samkvæmt stefnuskrá.
- Stjórn skipar formenn nefnda.

- Stjórn hefur heimild til að skipta út formönnum nefnda ef þurfa þykir.
- Aðeins félagsmenn geta verið nefndarmenn. Nefndarmönnum er þó heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar og álits utan samtakanna.
- Nefndarstörf eru ólaunuð.

12. gr. Fjármál

- Stjórn ber fram tillögur um félagsgjöld til samþykktar á aðalfundi. Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.
- Gjaldkera er heimilt með fyrirfram samþykki stjórnar að endurgreiða stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sannanlega útlagðan kostnað vegna sérstakra verkefna í þágu félagsins.
- Stjórn er heimilt að stofna til kostnaðar innan fjárhagsramma samtakanna vegna daglegs reksturs, fundahalda og aðkeyprtar sérfræðiaðstoðar.
- Samtökunum er heimilt að taka við frjálsum fjárframlögum frá öðrum en stjórnaráflokki / hreyfingum og fjármálastofnunum. Fjárframlög veita fjárveitanda ekki rétt til ítaka eða áhrifa í samtökunum. Samtökunum er heimilt að sækja um styrki í opinbera sjóði.
- Berist samtökunum frjáls fjárframlög er stjórn heimilt, innan fjárframlaga, að stofna til kostnaðar vegna húsnæðisleigu vegna aðalfunda og almennra félagsfunda og aðkeyprtar sérfræðiaðstoðar, þjónustu eða vöru.
- Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna.

13. gr. Breytingar

- Samþykktum þessum verður ekki breytt nema breytingatillaga hafi verið rædd á aðalfundi og að minnsta kosti 2/3 fundarmanna séu samþykkir tillögunni. Fyrirhuguð breyting skal kynnt í fundarboði og liggja fyrir í fundargögnum.

14. gr. Slit

- Samtökunum verður aðeins slitið með samþykki eftir umræðu á löglega boðuðum aðalfundi.
- Geta skal sérstaklega tillögu um félagsslit í fundarboði. Tillagan telst samþykkt, ef 2/3 hlutar fullgildra félagsmanna eru á aðalfundi og 2/3 fundarmanna greiða tillögunni atkvæði sitt. Ef ekki eru nægilega margir félagsmenn á fundinum, skal boða til aukaaðalfundar innan mánaðar. Við boðun þess fundar skal þess sérstaklega getið, að fyrir fundinum muni liggja tillaga um félagsslit. Á aukaaðalfundi þarf tillagan stuðning 4/5 hluta atkvæðisbærra mætttra félaga til að hljóta samþykki óháð mætingu.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Verði samtökin lögð niður, skal eignum þeirra ráðstafað til líknarstarfa.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins í Reykjavík, 23. febrúar 2022.

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á SAMÞYKKTUM

Eftirfarandi tillaga að breytingum á samþykktum Hagsmunasamtaka heimilanna var kynnt í fundarboði aðalfundar samtakanna 2023 og verður því tekin til afgreiðslu á aðalfundinum.

4. mgr. 14. gr. orðast svo:

Verði samtökunum slitið, skal eignum þeirra ráðstafað til almannaheillafélags eða -félaga sem starfa að neytendamálum eða til stuðnings við fólk í fjárhagserfiðleikum. Með almannaheillafélögum er átt við lögaðila sem uppfylla skilyrði skráningar á almannaheillaskrá samkvæmt lögum um tekjuskatt eða almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögum um félög til almannaheilla.

Núverandi ákvæði er svohljóðandi:

Verði samtökin lögð niður, skal eignum þeirra ráðstafað til líknarstarfa.

Samkvæmt ábendingu frá Skattinum er þetta of almennt orðað og er því nauðsynlegt að kveða með nákvæmari hætti á um ráðstöfun eigna við slit til að uppfylla skilyrði skráningar á Almannaheillaskrá.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR 2023

Framboð til aðalstjórnar:

- | | | |
|---|--|---|
| <input type="checkbox"/> Ásthildur Lóa Þórsdóttir | <input type="checkbox"/> Einar Valur Ingimundarson | <input type="checkbox"/> Guðmundur Ásgeirsson |
| <input type="checkbox"/> Guðmundur H. Arngrímsson | <input type="checkbox"/> Guðrún Harðardóttir | <input type="checkbox"/> Hafþór Ólafsson |
| <input type="checkbox"/> Sigríður Örlygsdóttir | <input type="checkbox"/> Stefán Viðar Egilsson | |

Framboð til varastjórnar:

- | | |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Björn Kristján Arnarson | <input type="checkbox"/> Ólöf Pálína Úlfarsdóttir |
| <input type="checkbox"/> Ragnar Unnarsson | <input type="checkbox"/> Stefán Stefánsson |

TILNEFNING SKOÐUNARMANNA

Tveir félagsmenn hafa gefið kost á sér til að vera skoðunarmenn reikninga:

- | | |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Baldur Garðarsson | <input type="checkbox"/> Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir |
|--|---|

